



Reykjanesbær, 21. nóvember 2014.

**Skipulagsstofnun,  
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar,  
Laugavegi 166,  
105 Reykjavík.**

**Efni: Krafa AGC ehf. um að Skipulagsstofnun láti af efnislegri umfjöllum um frummatsskýrslu Thorsil í Helguvík.**

Mér hefur falið Reykjaneshöfn og Reykjanesbær að svara tölvupósti yðar vegna bréfs Jóns Jónssonar hrl. dags. 6. nóvember 2014 fyrir hönd AGC ehf., þar sem krafist er að Skipulagsstofnun láti af efnislegri umfjöllun um frummatsskýrslu vegna kísilmálmverksmiðju Thorsil í Helguvík, ásamt athugasemdum við frummatsskýrsluna.

Á sínum tíma var það AGC ehf. sem ákvað að fara í umhverfismat upp á sitt eindæmi. Umbjóðandi minn, Reykjaneshöfn, lýsti yfir í tölvupósti þann 30. ágúst 2011, að höfnin væri reiðubúinn til að úthluta AGC ehf. lóð fyrir glýkólverksmiðju að Stakksbraut nr. 4. Bæjarráð Reykjanesbæjar samþykkti síðan jákvæða umsögn um lífalkóhól- og glýkólverksmiðju í Helguvík þann 20. október 2011 til Skipulagsstofnunar.

Eftir að samþykkt umhverfismat lá fyrir þann 2. mars 2012 ítrekaði umbjóðandi minn að AGC ehf. þyrfti að sækja um úhlutun lóðar í Helguvík og greiða staðfestingargjald lóðargjalda skv. gjaldskrá umbjóðanda míns. Aldrei kom umsókn eða formleg beiðni frá AGC ehf. um lóð í Helguvík.

Síðustu samskipti umbjóðanda míns varðandi lóðarmál við AGC ehf. var með tölvupósti dags. 19. mars 2012 þar sem forsvarsmenn AGC ehf. upplýstu að félagið hygðist flytja fyrirhugaða verksmiðju að Reykjanesi og fengu allar upplýsingar um landsvæðið næst Reykjanesvirkjun. Enginn frekari samskipti hafa átt sér stað eftir þetta um lóð í Helguvík á milli umbjóðanda míns og forsvarsmanna AGC ehf.

Umbjóðandi minn leit þannig á að það væri ekki lengur áform AGC ehf. um að fá úthlutaða lóð í Helguvík.

Hvað varðar deiliskipulagsbreytingu á lóðinni á Stakksbraut 4 þá hefur umbjóðandi minn kynnt Skipulagsstofnun fyrirhugaða breytingu á lóðinni fyrir starfsemi Thorsil ehf., en ákveðið er að bíða með þá afgreiðslu þar til ákvörðun Skipulagsstofnunar lægi fyrir varðandi frummatsskýrslu Thorsil í Helguvík.




Umbjóðandi minn óskar eftir að Skipulagsstofnun taki frummatsskýrslu Thorsil ehf. til meðferðar og afgreiði á sem skemmstum tíma enda um mikið hagsmunamál fyrir umbjóðanda minn, Reykjaneshöfn og Reykjanesbæ, að ræða.

Umbjóðandi minn hefur boðið AGC ehf. til fundar hafi þeir á annað borð áhuga á að fá lóð í Helguvík.

Virðingarfyllt,

fh. Reykjaneshafnar og Reykjanesbæjar,



Asbjörn Jónsson hrl.